



TÖSKUPÓSTURINN

FEBRÚAR 2011

Síldarporpið fékk fyrstu verðlaun

Hugmyndin um *Síldarporpið* fékk á dögunum fyrstu verðlaun í keppninni *Heimabyggðin mín, nýsköpun, heilbrigði og forvarnir* sem samtökin *Landsbyggðarvinir í*

Reykjavík og nágrenni standa að ár hvert. Þetta væri varla frásögu færandi nema fyrir þær sakir að það var okkar eigin Arnór Einar Einarsson sem átti hugmyndina.

Í stuttu máli snýst þessi

samkeppni um að fá ungt fólk á landsbyggðinni til að koma með tillögu um nýsköpun í atvinnustarfsemi í heimabyggð sinni undir þeim formerkjum að heimabyggðin verði betri, skemmtilegri og lífvænlegri.

Síldarporpið er smækkuð útgáfa af Raufarhöfn á síldarárunum, líkan af bryggjunni, síldarplönunum og öllu því sem síldinni tilheyrði. Í *Síldarporpinu* væri fróðleik einnig miðlað til gesta í gegn um margmiðlunarbúnað.

Sannarlega spennandi hugmynd.

Óhætt er að segja að sigur Arnórs hafi vakið athygli því fjallað var um hann á sjónvarpsstöðinni *N4* á



Akureyri auk þess sem umfjöllun um samkeppnina og viðtal við Arnór Einar birtist í *Fréttablaðinu* fimmtudaginn 10. febrúar.

Allir nemendur í 8. og 9. bekk hér á Raufarhöfn tóku þátt í verkefninu undir stjórn Bryndísar Evu, umsjónarkennara þeirra. Óhætt er að hrósa krökkunum öllum fyrir þátttöku sína því hvert og eitt þeirra átti virkilega góða hugmynd sem allar eiga það sameiginlegt að vera vel framkvæmanlegar.

Í BLAÐINU:

<i>Dagur leikskólans</i>	2
<i>Námfús</i>	2
<i>Frelsið er yndislegt</i>	3
<i>Dorrablót</i>	4
<i>Samtökin '78 í heimsókn</i>	4
<i>Hvað beitir skólinn okkar?</i>	4
<i>Tannverndarvika</i>	5
<i>Hreyfing</i>	5
<i>Stóra upplestrarkeppnin</i>	5
<i>Gamla myndin</i>	6

Börn hjálpa börnum

Í næstu viku mega Raufarhafnarbúar búast við því að nemendur grunnskólans banki upp á hjá þeim með söfnunarbauka merktu ABC hjálparstarfi. Íslensk grunnskólabörn hafa undanfarin ár safnað pening fyrir bágstadda jafnaldra sína um allan heim á vegum ABC. Að þessu sinni safna þau fyrir börn í Pakistan og Kenýa.

Við vonum að Raufarhafnarbúar taki krökkunum vel!



Dagur leikskólans

Dagur leikskólans var haldinn í fjórða sinn þann 6. febrúar. Þar sem daginn bar upp á sunnudegi að þessu sinni héldu nemendur í Krílabæ daginn hátíðlegan þann 4. febrúar. Þau Agnar Þór, Anna Fjöla, Gunnar Brimir og Jóhanna Lára ákváðu að efna til mikillar veislu og gerðu sér lítið fyrir og buðu öllum nemendum og starfsfólki grunnskólans upp á köku og mjólk að loknum hádegismat.

Daginn áður bökuðu þau tvær súkkulaðikökur með örlítilli aðstoð frá Olgu auk þess sem Dilla skellti í eina köku að auki. Að morgni veisludagsins gengu krakkarnir svo í stofur með boðskort. Óhætt er að segja að veislan hafi tekist vel. Takk fyrir okkur krakkar!



Námfús

Eins og við greindum frá í síðasta tölublaði Töskupóstsins hefur Grunnskóli Raufarhafnar tekið í notkun námsvefinn Namfus.is. Vefurinn er fjölbreyttur og hjálpar kennurum að halda utan um mætingu og námsmat nemenda sem og samskipti við foreldra.

Foreldrar fá einnig lykilorð inn á vefinn og geta þannig fylgst vel með mætingu sinna barna, séð heimavinnu, dagbókarfærslur o.fl. Einnig býður vefurinn upp á að nemendur taki próf á vefnum. Í þeim tilvikum fá nemendur lykilorð hjá kennara til að komast inn á vefinn.

Við vonum að foreldrar verði duglegir í að nota vefinn til að fylgjast með framvindu barna sinna í skólanum. Lykilorð verða send í netpósti til foreldra á næstu dögum og í töskupósti til þeirra sem ekki hafa netföng.



Horft um öxl með Helgu Þórdísi Guðmundsdóttur

Frelsið er yndislegt

Það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar „horft er um öxl“ til æskuáranna er „frelsið.“

Þegar ég hugsa til baka sem móðir þriggja barna í Kópavoginum, skutlandi börnunum mínum fram og til baka í hinar ýmsu tómstundir er auðsótt að leiða hugann að því hversu mikil forréttindi það voru/ eru að alast upp á Raufarhöfn og líka hversu frábærlega heppnir foreldrar á Raufarhöfn eru.

Við krakkarnir á Raufarhöfn vorum mjög frjáls. Við hlupum undir „mislitlu“ eftirliti um allan bæ, um allar heiðar og líka um hálfhrundar bryggjur bæjarins, en þannig var ástandið á þeim flestum í minni minningu, hégum yfir götum hér og þar með veiðafærin okkar sem voru af alls konar gerð, heimatilbúin sem og ný úr Kaupfélaginu. Aflinn var oft svo mikill í höfninni að svona eftir á að hyggja er skítt að hafa ekki fengið kvótaúthlutun út á hann.

Ef okkur krakkana vanhagaði um eitthvað var auðvelt að vinna fyrir því. Ég byrjaði t.d. í blaðburði 8 ára og bar út blöð alla mína skólagöngu á Raufarhöfn. 11 ára vann ég við að festa tölur á saumastofunni hjá föður mínum, svo fór maður í frystihúsið og koll af kolli fékk maður tækifæri til að prófa nánast hverja einustu atvinnugrein sem í boði var á Raufarhöfn.

Ég man að „draumurinn“ var þegar maður var á unglingastiginu og svo mikill afli var kominn í frystihúsið að ræsa þurfti okkur krakkana úr skólanum í vinnu. Okkur þótti ekki leiðinlegt að losna aðeins úr skólanum fyrir smá vinnu.

Öldin er önnur í dag, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu. Unglingarnir eiga erfitt uppdráttar með að komast í vinnu og er meira að segja komið 15 ára aldurstakmark í bæjarvinnuna eins og staðan í þjóðfélaginu er í dag.

Tækifæri í tónlistinni fékk ég líka á Raufarhöfn fyrir utan námið í tónlistarskólanum. T.d. Spilaði ég við jólamessu frá 15 ára aldri og yfirleitt á jólaböllum kvenfélagsins líka. Þetta var mikið tækifæri fyrir mig „óharðnaðann unglinginn“ og hjálpaði mér án efa við að ná fótfestu á þeirri braut sem ég er á í dag.

Ég kveð ykkur hér lesendur góðir með kærum kveðjum til heimahaganna.



Helga Þórdís Guðmundsdóttir var nemandi í Grunnskóla Raufarhafnar á árunum '76-'84. Hún er píanóleikari og organisti og starfar í dag sem organisti Ástjarnarkirkju sem er nýjasta sóknin á höfuðborgarsvæðinu auk þess að stjórna þremur kórum.

Grunnskólinn á Raufarhöfn
v. Skólaveg
675 Raufarhöfn
Sími 464 9870

Netfang: johann@raufarhofn.is

Ath. að Fréttabréfið er hægt að skoða í lit á heimasíðu skólans.

Ábyrgðarmaður er Jóhann Skagfjörð Magnússon

Þorrablót

Þriðjudaginn 15. febrúar var haldið þorrablót í skólanum. Allir nemendur borðuðu þá á sama tíma í mötuneytinu, sem hafði verið skreytt á þjóðlegan hátt með myndum eftir nemendur.

Í boði var allt það sem búast má við að sjá á þorrablót; súra hrúspunga, hákarl, sviðasultu, hangikjöt, harðfisk og fleira. Krakkarnir borðuðu vel af matnum og létu vel af honum.

Nemendur í 1.-4. bekk fóru með þorrapulu fyrir okkur hin og svo sungu allir *Þorraprælinn* saman.

Eitt trogið skar sig úr og létu nemendur það alveg ósnert, þrátt fyrir að maturinn í því væri gríðarlega gírnilegur á að líta. Eftir nánari eftirgrennsln kom í ljós að þarna var á ferðinni þorramatur sem nemendur í 1.-4. bekk höfðu búið til úr trölladeigi. Það var því eins gott að engum datt í

hug að bragða á honum.

Hægt er að fara inn á heimasíðu skólans og skoða fleiri myndir frá þorrablótinu.



Samtökin '78 Norðurland kíktu í heimsókn

Í byrjun febrúar fengum við til okkar góða gesti frá Samtökunum '78 Norðurland. Samtökin eru hagsmuna- og baráttusamtök samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgenders fólks.

Samtökin hafa sinnt jafningjafræðslu fyrir grunn- og framhaldsskóla

á landsbyggðinni og var heimsókn þeirra liður í því starfi.

Þau María, Hans, Ugla og Aðalbjörn ræddu við krakkana um samtökin og mismunandi kynhneigðir og buðu þeim að spyrja að vild. Við þökkum þeim kærlega fyrir heimsóknina.



Hvað heitir skólinn okkar?

Á heimasíðu skólans og sveitarfélagsins heitir skólinn okkar *Grunnskólinn á Raufarhöfn*. Hins vegar eru háværar raddir innan starfslíðs skólans um að skólinn hafi í eina tíð alltaf verið kallaður *Grunnskóli Raufarhafnar*. Í gömlu bréfsefni sem finna má í skrifborði skólastjóra kemur svo fram þriðja nafnið; *Grunnskólinn Raufarhöfn*. Hvaða nafn á að nota er því spurning. Síðan flækir það enn málin að nú er leikskólinn Krílabær fluttur inn í hús grunnskólans. Eftir að það gerðist hafa heyrst raddir sem vilja að þessar tvær stofnanir heiti einu og sama nafninu. Hefur nafnið *Raufarhafnarskóli* borið hæst á góma í þeim efnum. Við hvetjum alla Raufarhafnarbúa og aðra áhugasama til að fara inn á heimasíðu skólans og svara þar könnun um hvert nafn skólans ætti að vera.




Tannverndarvika

Hin árlega tannverndarvika, sem Lýðheilsustöð stendur fyrir, var dagana 31. janúar - 4. febrúar, þar sem áhersla var meðal annars lögð á tannheilsu leikskólabarna.

Í tilefni af henni var vel við hæfi að gefa tönnunum og tannvernd sérstakan gaum og töluðum við mikið um neysluvenjur, s.s. að drekka vatn og huga sérstaklega að hollu fæðuvali heima og í skóla. Holt og gott nesti stuðlar að betri líðan og heilbrigði.

Við horfðum á fræðslumyndir um tannhirðu barna þar sem sýnd eru handtökin við tannhirðu barna á aldrinum 3 - 6 ára. Á heimasíðu Lýðheilsustöðvar (www.lydheilsustod.is) er að finna lifandi fræðsluefni um tannhirðu barna og fjölbreytt verkefni og fróðleik um tannheilsu.



Það er ekki nóg að passa sig á sykrudum drykkjum, heldur verðum við einnig að hafa sýrustig drykkja í huga. Sé sýrustig drykkja undir 5,5 er hættu á glerungsskemmdum. Ýmsir ávaxtadrykkir og bragðbættir vatnsdrykkir eru t.d. oft með lítinn eða engan sykur en með lágt sýrustig og þar af leiðandi slæmir fyrir tennurnar.

Hreyfing

Á miðvikudögum verður hreyfipjálfun hjá leikskólabörnunum í íþróttahúsinu. Börnin mega koma með íþróttaföt ef þau vilja.



Börn hafa ríka þörf á að hreyfa sig sjálf og óhindrað og er því mikilvægt að hreyfipjálfun þeirra sé sinnt. Í gegnum hreyfingu læra börnin að stjórna líkama sínum og hvernig þau geta notað hann. Auk þess stuðlar öll hreyfing að andlegri og líkamlegri vellíðan. Leikir sem reyna á líkamann veita barninu útrás.

Kennarinn tekur virkan þátt í tímunum og eflir færni og áhuga barnanna. Einnig er þeim kennd ýmiss konar hugtök eins og að grípa, að stökkva, að rúlla o.s.frv.

Góður hreyfiproski eykur félagslega stöðu barnsins þar sem hann eykur sjálfstraust þeirra. Ung börn eru mótækileg fyrir því að læra um heilbrigðan lífstíl sem er grunnur að góðu og heilbrigðu lífni seinna á ævinni.



Stóra upplestrarkeppnin

Nú stýttist óðum í lokakeppni Stóru upplestrarkeppninnar, sem venju samkvæmt verður haldin hér á Raufarhöfn um miðjan mars.

Nemendur í 7. bekk hófu undirbúning fyrir keppnina í nóvember, nánar tiltekið á Degi Íslenskrar tungu, og hafa síðan þá gert reglulegar æfingar undir styrkri stjórn Heiðu.

Mánudaginn 28. febrúar munum við halda innanskóla-keppni þar sem við ætlum að velja fulltrúa skólans til að keppa í Stóru upplestrarkeppninni í mars. Við hvetjum foreldra og aðra áhugasama til að koma og horfa á krakkana. Keppnin hefst kl. 16:00 og fer fram í heimastofu krakkana.



Þórdís Sigtryggisdóttir keppti fyrir hönd skólans í fyrra og stóð sig vel.

Gamla myndin - *Kór Grunnskóla Raufarhafnar*



Kór Grunnskóla Raufarhafnar 1981

Efri röð frá vinstri: Sigríður Sólveig Ólafsdóttir, Svanhvít Jóhannsdóttir, Ásthildur Albertsdóttir, Helga Haraldsdóttir, Helga Þórdís Guðmundsdóttir, Alda Guðmundsdóttir, Kristbjörg Karlsdóttir, Svava Árnadóttir, Ragnar Þór Erlingsson, Birna Björnsdóttir, Valdimar Melrakki Árnason, Björn Þór Baldursson, Jóhann Magnús Ólafsson.

Neðri röð frá vinstri: Dóra Hrönn Gústafsdóttir, Heiða Ingunn Þorgeirsdóttir, Anna Guðrún Þorgrímsdóttir, Ísabella Björk Bjarkadóttir, Guðrún Ágústa Ólafsdóttir, Íris Erlingsdóttir, Birgitta Björgólfsdóttir, Olga Friðriksdóttir, Þorbjörg Stefánsdóttir, Hörður Ingimar Þorgeirsson, Ragnar Axel Jóhannsson, Einar E. Sigurðsson, Stephen Yates.

Í síðasta tölublaði *Töskupóstsins* rifjaði Ásgrímur Angantýsson upp skemmtilegt atvik úr tónmenntatíma hjá Stephen Yates undir fyrirsögninni *Pappírssinfónían*. Á árum áður skipaði tónlist veglegan sess í skólastarfinu og var meðal annars starfræktur kór við skólann. Í kjölfar greinar Angantýs er vel við hæfi að gamla myndin að þessu sinni sé af áður nefndum Stephen með *Kór Grunnskóla Raufarhafnar*.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum *Töskupóstsins* er þessi mynd tekin á kóramóti í Háskólabíói á því herrans ári 1981. Samkvæmt nokkuð reikulu minni heimildarmanna var farið suður til þess að taka upp lag fyrir *Stundina okkar* taka þátt í áðurnefndu kóramóti. Heimildum ber ekki saman hvort það hafi verið að hausti eða vori. Kórinn tók upp lagið *Örkin hans Nóa*, sem er víst ansi langt. Eingöngu var um hljóðupptöku að ræða, en þegar þetta birtist loks í sjónvarpinu rúlluðu á skjánum myndir sem nemendur skólans höfðu teiknað við lagið sem og ljósmyndir af kórnum.

Eins og alvöru landsbyggðarkrökkum sæmir notuðu þau ferðina til að drekka í sig menningu. Einhver hluti hópsins fékk meira að segja að ferðast um í leigubíl sem faðir Valdimars keyrði. Vart þarf að taka fram að það

þótti ansi merkilegur áfangi. Öllu menningarlegri var þó ferðin í Þjóðleikhúsið þar sem þau sáu "*eitthvað hundleiðinlegt leikrit um hest sem Bessi Bjarnason lék*", eins og heimildarmaður *Töskupóstsins* orðaði það. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að þar var um að ræða verkið *Gustur*. Gustur er gamall og lúinn hestur sem snýr aftur í gamla hesthúsið þar sem hann bjó fyrst og rifjar upp sögu sína fyrir ungu hestunum sem nú eru að byrja feril sinn. Eins og áður sagði þótti leikritið ekki skemmtilegt, en stórmerkilegt og gaman að koma í leikhúsið sjálft.

Annars má benda á nokkrar athyglisverðar staðreyndir varðandi þessa mynd. Átta af þeim 25 sem eru á henni búa nú á Raufarhöfn, fjórir karlar og fjórar konur. Af konunum fjórum starfa þrjár við skólann en karlarnir sækja allir sjó. Halda mætti að þessir átta söngfuglar sem enn búa hér væru uppistaðan í kirkjukórnum okkar. En svo er ekki því aðeins Svava og Heiða gleðja okkur enn með söng sínum. Hin sex hafa lagt kórsöng á hilluna, í bili að minnsta kosti. Á myndinni má finna tvenn hjón og verður að leiða að því líkur að fyrstu neistarnir að því sem síðar varð ástarbál hafi kviknað í þessu kórferðalagi. Það hefur þó ekki fengist staðfest.